

Bráðabirgðalög um verðjöfnunar- og flutningasjóð sildveiða árið 1965, undirskrifuð af forsetanum 24. júní 1965, nr. 77.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallagerða, undirskrifuð af forsetanum 8. júlí 1965, nr. 78.

Tilskipun um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, undirskrifuð af forsetanum 10. ágúst 1965, nr. 79.

Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 4. júní 1965, nr. 80.

Auglýsing um staðfestingu handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 2. september 1965, nr. 81.

Auglýsing um gildistöku þeirra ákvæða laga nr. 45 12. maí 1965, um eftirlit með útlendingum, er varða samvinnu milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um útlendingaeftirlit, undirskrifuð af dómsmálaráðherra 3. september 1965, nr. 82.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 21. ágúst 1965, nr. 83.

Auglýsing um breytingu á forsetaúrskurði nr. 64/1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 8. maí 1965, nr. 84.

Bráðabirgðalög um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—66, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands, 11. september 1965, nr. 85.

Tilskipun um setningu nýrrar lyfjaskrár, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 31. ágúst 1965, nr. 86.

Auglýsing um breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 31. ágúst 1965, nr. 87.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1965 skuli koma saman til fundar föstudaginn 8. október 1965, 10. september 1965, nr. 88.

Auglýsing um frestun gildistöku auglýsingar nr. 82 frá 3. september 1965 varðandi samvinnu milli Norðurlandanna um útlendingaeftirlit, útgefin af dómsmálaráðuneytinu 21. september 1965, nr. 89.

Nr. 152.

22. júní 1965.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Svarfaðardalshreppi.

Fasteignaskatt í Svarfaðardalshreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1965.

Magnús Jónsson.

Hjalmar Vilhjálmsson.